



# Fundargerð stjórnar (10)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 11. ágúst 2021 og hófst kl. 16:02 og lauk kl. 17:45.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir Matthías Matthíasson og Guðmundur Kristjánsson. Jafnframt sátu fundinn Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, fráfarandi framkvæmdastjóri og Bóas Hallgrímsson sem tekur við starfi framkvæmdastjóra. Katrín ritaði fundargerð.

+354 555 7020

[hjallastefnan@hjalli.is](mailto:hjallastefnan@hjalli.is)

[hjalli.is](http://hjalli.is)

## Dagskrá

*Hjallastefnan ehf*

1. **Fundargerð** frá 07.07.21 staðfest.

2. **Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra**

KDP kynnti skýrslu sína sem er aðgengileg með öðrum gögnum fundarins.

3. **Stefnumótunarvinna Hjallastefnunnar og dótturfélaga**

BH kynnti minnisblað um verklag og áherslur í stefnumótunarvinnu og aðkomu ráðgjafa. Jafnframt var lögð fram tillaga að verklagi við mótun fjölmenningsstefnu.

Stjórn samþykkti kynnt framhald stefnumótunarvinnu og framlagt verklag við mótun fjölmenningsstefnu.

4. **Greiningarvinna Hjallastefnunnar og dótturfélaga**

KDP kynnti fyrir stjórn samantekt á afkomu hvers skólanna, samantekin var unnin í tengslum við greiningarvinnu.

5. **Skipulag vegna uppgjörs og aðalfundar skólaársins 2020-2021**

Stjórn óskar eftir því við framkvæmdastjóra og endurskoðanda að ársuppgjöri og endurskoðun ársreikninga verði lokið fyrir 31. október nk.

*Hjallastefnan - grunnskólar ehf*

6. **Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð BSR**

Gögn sem send voru viðræðunefnd Reykjavíkurborgar 15. júlí eru meðal fundargagna en drög að þeim voru kynnt á síðasta fundi stjórnar.

HJ sagði stjórn að hún áformi að senda borgarritara tölvupóst til að áréttu mikilvægi þess að fundir (fjarfundir) viðræðunefndanna hefjist sem fyrst nú að loknu sumarhléi (fjarfundi).

7. **Viðræður við Garðabæ um endurskoðun þjónustusamnings BSG**

BH kynnti stjórn óskir sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs um að leggja áherslu á endurskoðun samnings um BSG sem rann út 31.07.20 í framlögðu minnisblaði og óskaði eftir viðbrögðum stjórnar.

MT upplýsti stjórn um að einnig þurfi þjónustusamningar við sveitarfélög um rekstur grunnskóla nú samþykki frá Menntamálastofnun.

Stjórn féllst á hugmyndir framkvæmdarstjóra um að gefa þurfi meiri tíma í endurskoðunina en sviðsstjóri Garðabæjar hafði lagt til. Jafnvel þurfi að ræða og leiða til lykta fleiri álitafni en snúa að þjónustusamningi vegna barnaskólans s.s. hugmyndum Hjallastefnunnar um uppbyggingu leik- og grunnskóla á Vífilsstaðasvæðinu.

*Hjallastefnan - leikskólar ehf*



**8. Viðræður við Reykjavíkurborg um framtíð Leikskólans Öskju**  
sbr. dagskrárlíð 6.

**9. Framkvæmdastjóranskipti**

Í samantekt BH og KDP er lagt til að BH taki þegar við framkvæmdastjórástöðu að loknum þessum fundi. Stjórn samþykkir þá tilhögun og bókar eftirfarandi:

*Stjórn Hjallastefnunnar ehf. og dótturfélaga (Hjallastefna Leikskólar ehf, Hjallastefna Grunnskólar ehf. og Bak-Hjallar ehf) ræður Bóas Hallgrímsson, kt. 140180-5219 framkvæmdastjóra félaganna frá 11. ágúst 2021 að telja.*

*Fer hann með prófkúruumboð ofangreindra félaga. Jafnframt er prókúruumboð Katrínar Dóru Þorsteinsdóttur, kt. 080665-5479, sem gegnt hefur störfum framkvæmdastjóra tímabundið, afturkallað.*

*Stjórn felur endurskoðanda félaganna, KPMG, að tilkynna ofangreindar breytingar til fyrirtækjaskrár og óska nauðsynlegra skráninga.*

Jafnframt voru kynnt drög að kynningartexta sem BH mun senda á starfsfólk sveitarfélaga.

Stjórn mun senda tilkynning sama efnis til stjórnenda Hjallastefnunnar, HJ og MPÓ falið að útfæra textann.

**10. Önnur mál**

Rædd hugmynd stjórnarformanns um að flýta næsta fasta fundi um tvo daga. Það reyndist ekki framkvæmanlegt og verður næsti fundur boðaður miðvikudaginn 25. ágúst nk. kl. 16.00.

---